

Kristín Ósk Matthíasdóttir
Hvammi
451 Patreksfjörður

Akureyri 29. ágúst 2018
UST201807-174/H.V.
09.07.01

Vegna umsóknar um leyfi til framkvæmda í Vatnsfirði

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar um framkvæmdaleyfi innan friðlandsins Vatnsfjarðar, dags. 24. júlí 2018, þar sem sótt er um leyfi vegna viðbyggingar við fiskeldishús (starfsmannaíbúð og skrifstofa) við Þverá í Vatnsfirði. Einnig er vísað til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 23. ágúst 2018, þar sem umsækjanda var tilkynnt um áform stofnunarinnar um synjun umsóknarinnar þar sem frekari upplýsingar sem óskað hafði verið eftir voru ekki fullnægjandi. Í því bréfi var umsækjanda tilkynnt um rétt til andmæla við áformin. Engin frekari gögn bárust.

Áhrifamat og rökstuðningur

Vatnsfjörður er friðland sbr. auglýsing nr. 96/1975. Mannvirkjagerð, jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu í friðlandinu. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda náttúru landsins á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar.

Tvívegis hefur verið óskað eftir viðbótargögnum vegna umsóknarinnar, en Umhverfisstofnun metur að þær upplýsingar sem borist hafa séu ekki fullnægjandi.

Í eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar frá eftirlitsferð dags. 20. júlí 2018 kemur fram að nú þegar hafi gámum verið komið fyrir á svæðinu sem um ræðir og lagnir verið tengdar. Þar segir að níu gámar hafi verið settir niður við fiskeldisstöðina innan friðlandsins í Vatnsfirði og að gámarnir séu innréttaðir sem vistarverur. Þeim hefur verið staflað upp á þverbitum úr timbri og sjást vel frá veginum. Vinnu við uppsetningu gámana og klæðningu þeirra hefur verið fram haldið án þess að tilskýlinna leyfa hafi verið aflað.

Umhverfisstofnun hefur áður fjallað um umsókn um að koma fyrir gámum á sama stað af sama aðila. Vísað er til bréf Umhverfisstofnunar, dags. 19. desember 2017, þar sem fram kemur að stofnunin synji umsókn um leyfi til uppsetningar sjö gáma í friðlandinu.

Uppbygging friðlýstra svæða skal eftir fremsta megni styðja við verndun tiltekins svæðis og í tilfelli Vatnsfjarðar eru forsendurnar þær að almenningur geti notið náttúrunnar ásamt því sem hefðbundnar nytjar eru leyfðar. Stefnumótun varðandi innviðaupbyggingu þarf því að þjóna þeim þáttum. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina ekki samræmast þeim

náttúruverndarsjónarmiðum er liggja að baki friðlýsingu Vatnsfjarðar og að starfsmannaíbúð sem þessa ætti að staðsetja utan friðlandsmarka.

Athafnasvæðið við fiskeldið að Þverá er skammt innan marka friðlandsins Vatnsfjarðar og því það fyrsta sem blasir við þeim er leið eiga um það úr vesturátt. Umhverfisstofnun telur að gámaviðbygging við friðlandsmörk geti haft neikvæð sjónræn áhrif við innkomu inn í friðlandið og dragi þannig úr möguleikum þess að vernda náttúru svæðisins á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar. Þó að jarðrask og truflun á dýralífi vegna framkvæmdanna teljist óverulegt telur stofnunin framkvæmdina ekki til þess fallna að viðhalda né styrkja verndargildi svæðisins. Þá leggur stofnunin almennt áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum, þ.m.t. sjónrænum, á náttúruverndarsvæðum eins og því verður framast við komið.

Enn fremur verður að líta til þess að stofnunin hefur ekki fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að veita leyfi til framkvæmda.

Synjun


Beiðni Kristínar Óskar Matthíasdóttur um leyfi til viðbyggingar við fiskeldishús innan friðlandsins Vatnsfjarðar er hafnað.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1996 og kærheimild 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.


Gjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda er 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Edda Kristín Eiríksdóttir
Sérfræðingur

Afrit: Vesturbyggð